



Læsi til framtíðar
Læsisstefna Skaftárhrepps

Samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps 15. maí 2018

Efnisyfirlit

Inngangur	3
Lykilþættir læsistefnu.....	4
Hlutverk foreldra í læsi í leik- og grunnskóla	4
Tvítýngi	4
Snemmtæk íhlutun.....	4
Hlutverk bókasafns í læsi	4
Læsi í leikskóla.....	5
Aðferðir til læsis.....	5
Matsaðferðir í leikskóla.....	6
Læsi í grunnskóla	7
Aðferðir til læsis.....	7
Matsaðferðir í grunnskóla	8

Inngangur

Haustið 2015 var ýtt úr vör af hálfu mennta- og menningarráðuneyti Þjóðarátaki um læsi í samvinnu við sveitarfélög landsins. Samningur milli Skaftárhrepps og mennta- og menningarmálaráðuneytis var undirritaður vorið 2016 þar sem aðilar staðfestu sameiginlegan skilning á því að læsi sé nauðsynlegt til virkrar þátttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína sjálfum sér og samfélaginu öllu til velferðar. Það er von mín og ósk að sú læsisstefna sem nú lítur dagsins ljós verði til þess að efla og styðja við þá vinnu sem nú þegar fer fram í skólum sveitarfélagsins til eflingar læsis

F.h. fræðslunefndar

Auðbjörg Bjarnadóttir, formaður.

Lykilþættir læsistefnu

Lestur er undirstaða alls náms sem byggir á málþroska barnsins. Málþroskinn ásamt faglegri, hnitmiðaðri og metnaðarfullri kennslu er veganestið á leið þess til læsis. Læsi barna er sameiginlegt verkefni heimila og menntastofnana.

- Snemmtæk íhlutun
- 90% geti lesið sér til gagns sbr. Hvítbók
- Skólar setji sér markvissa og skýra námsskrá í samræmi við aðalnámsskrá
- Styðji við menntastefnu Skaftárhrepps
- Skapa nemendum hvetjandi og styðjandi námsumhverfi
- Gott aðgengi að allra að bókasafni

Hlutverk foreldra í læsi í leik- og grunnskóla

Lögð er áhersla á gott samstarf við alla foreldra með velferð barnanna að leiðarljósi. Leikskólar, grunnskólar og foreldrar gegna sameiginlegu lykilhlutverki við að móta jákvætt viðhorf barna til lesturs. Þátttaka foreldra í lestrarnámi barna sinna er ein af forsendum þess að þeir geti axlað ábyrgð á uppeldi og menntun barna sinna. Foreldrar eru fyrirmynd barnanna í málnotkun og lestri. Börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Menntastofnanir í Skaftárhreppi leita margvíslegra leiða í samstarfi við foreldra og veita foreldrum fræðslu, ráðgjöf og leiðbeiningar um hvað þeir geta gert til að styðja við lestrarnám og lestraránægju barna sinna.

Tvítýngi

Tvítýngd eða fjöltýngd börn eru þau börn sem búa við eitt eða fleiri tungumál dags daglega. Foreldrar skulu hvattir til að nota sitt móðurmál til að gera máltöku íslenskunnar auðveldari, með því að barn læri sitt móðurmál kemur skilningur og auðveldara er að setja íslenskt orð ofan á þann grunn. Nota skal virka hlustun, lesa stuttar sögur og tala um myndir og texta.

Snemmtæk íhlutun

Mikilvægt er að vera vakandi fyrir frávikum í málþroska barna og bregðast strax við til að styrkja framfarir. Gripið er til snemmtækra íhlutunar og leitað eftir stuðningi sérfræðinga þegar grunur vaknar um seinkaðan málþroska.

Hlutverk bókasafns í læsi

Hlutverk héraðsbókasafnsins á Kirkjubæjarklaustri er að styðja við læsi allra aldurshópa. Meginhlutverk bókasafnsins er að greiða aðgang allra aldurshópa að fjölbreyttum bókakosti og öðrum gögnum. Allir eiga rétt á óheftu aðgengi að upplýsingum og þekkingarmiðlun. Margvíslegar leiðir eru farnar til að uppfylla þessi markmið. Yfir vetrartímam stendur nemendum grunn- og leikskóla til boða gjaldfrjáls bókaútlán og er kostnaði við bókasafnsskírteini stillt í hóf. Bókasafnið stendur einnig fyrir ýmsum samfélagsviðburðum til að stuðla að fjölbreyttum samverustundum sem stuðla að auknu samfélagslegu læsi.

Læsi í leikskóla

Aðferðir til læsis

Páttur	Aðgerð	Hvar/Hvernig	Hver
Jólaötturinn	Foreldrar skrifa í dagbókina sem fylgir Dagbókin lesin fyrir öll börnin	Á heimili barnsins Samverustund	Foreldrar Allt starfsfólk
Bókaormurinn	Foreldrar skrifa í dagbókina sem fylgir Dagbókin lesin fyrir öll börnin	Á heimili barnsins Samverustund	Foreldrar Allt starfsfólk
Frjáls aðgangur að ritföngum og pappír.	Aðgangur að ritföngum og pappír frjáls	Á stað sem börnin geta auðveldlega náð í hann. Alltaf hægt að komast í efniviðinn	Allt starfsfólk
Lesum bækur.	Sögustund alla daga Framhaldssaga Bókasafn Fræðslubækur og tímarit Farið út með fræðslubækur vor og haust	Í ávaxtastund Hvíldar-/ slökunartímum Farið í bókasafnið 1 x í mánuði Bækur í bókarekkum, þar sem þau geta alltaf náð sér í bók til að lesa Umhverfi og landslag	Allt starfsfólk: Nýtum styrkleika allra starfsmanna.
Markviss málörvun.	Fámenn stund þar sem farið er yfir þætti hljóðkerfisvitundar	Skipulagðar málörvunarstundir 2 x í viku.	Leikskólastjóri/ Sérkennari
Lubbi.	Fámenn stund þar sem farið er yfir máhljóðin.	Skipulögð Lubbastund 1 x í viku. Nýtum tækifærin sem gefast í frjálsa leiknum.	Allt starfsfólk Nýtum styrkleika allra starfsmanna.
K-PALS.	Þjálfar samtímis hóp af börnum í: hljóð- og stafabekkingu ásamt lestri með jafningjamiðlaðri nálgun.	Skipulagðar stundir 2 x í viku, aðra hverja viku.	PALS-kennari
Söngstund.	Að læra söngtexta og þulur. Dansa og hlusta eftir taktinum.	Skipulagðar söngstundir 1 x í vikur. Samverustund alla daga.	Tónlistarskólastjóri Allt starfsfólk Nýtum styrkleika allra starfsmanna.
Að skrifa sig til læsis	Að læra stafina og skrifa út frá tali, myndum og táknum.	Tölva með Word forritinu.	Allt starfsfólk Nýtum styrkleika allra starfsmanna.

Matsaðferðir í leikskóla

Matsaðferð	Heilsubók	Hljóm – 2	TRAS skráning
Hvað er metið?	Gæðamatskerfi heilsuleikskóla. Þroskaframvinda, heilsufar, hæð, þyngd, næring og sjálfshjálp, lífleikni, hreyfing og listsköpun	Athugun á hljóð og málvitund.	Skimað eftir frávikum í mál- og félagsþroska
Hvenær?	Tvisvar á ári, vor og haust	September/október ár hvert og aftur í janúar/febrúar ef þörf er á.	Skimað á 6 mánaða fresti
Hverjir?	Öll leikskólabörn	5 ára börn	2-5 ára börn
Hver prófar?	Leikskólastjóri/leiðbeinandi	Kennarar með Hljóm-2 réttindi	Kennarar með TRAS réttindi
Eftirfylgni niðurstaðna	Niðurstöður yfirfarnar með foreldrum í foreldraviðtölum.	Nemendur sem mælast með „slaka“ eða „mjög slaka“ færni samkvæmt stöðlum prófsins fá markvissa þjálfun í hljóðkerfisvitund og fara aftur í Hljóm-2	Ef nemandi sýnir frávík er unnið markvisst með þá þætti fram að næstu skimun. Séu framfarir nemenda ekki ásættanlegar er leitað til annarra sérfræðinga

Læsi í grunnskóla

Aðferðir til læsis

Bekkur	Aðferðir	Markmið	Hver
1. bekkur	Markviss málörvun, Hljóðaáferðin hljóð og tákn lesefni við hæfi hvers og eins draga til stafs daglegur lestur	Nemendur í 1. bekk eiga að þekkja alla stafina og hljóð þeirra, líka tvíhljóðana, kunna að tengja og geta auðveldlega lesið samhljóða, sambandslausan texta.	Foreldrar, kennarar
2. bekkur	Stafrófið Tengja lestur og ritun Efla hljóðgreiningu Lesskilningur Framsögn Daglegur lestur	Í lok 2. bekkjar eiga nemendur að ráða vel við lestexta með tvöföldum samhljóða, samsettum orðum og samhljóða samböndum.	Foreldrar, kennarar
3. – 4. bekkur	sambætting lestrar og ritunar efling lesskilnings úrvinnsla úr texta daglegur lestur	Við lok 4. bekkjar eiga nemendur að geta auðveldlega lesið sér til gagns og gamans allan almennan texta við sitt hæfi, skáldsögur, ljóð, frásagnir og fræðilegan texta.	Foreldrar, kennarar
5. – 7. bekkur	þemalestur lestrarátak einstaklings- eða hópátak gagnvirkur lestur hingborðslestur hraðaviðmið hugkort daglegur lestur	7. bekkur tekur samræmt próf í íslensku að hausti	Foreldrar, kennarar
8. – 10. bekkur	Hraðlestur Endursögn og endurritun Upplstur Nákvæmnislestur Lesskilningur Daglegur lestur	Nemendur á unglingastigi þurfa að glíma við mismunandi texta og geta endursagt þá eða endurskrifað og tileinkað sér efni þeirra. Æskilegt er að nemendur geti lesið meira en 180 orð á mínútu.	Foreldrar, kennarar

Matsaðferðir í grunnskóla

Matsaðferð	Lesferill	Lesskilningspróf	Samræmt próf	GRP14h-prófið
Hvað er metið?	Umskráning, lesfimi, lesskilningur, orðaforði, nefnuhraði, sjónrænn orðaforði,	Lesskilningur, orðaforði	Hljóðkerfisvitu nd, orðaforði, lesskilningur, umskráning, lesfimi,	Staðlað skimunarpróf á umskráningarf ærni, stafsetningu, hljóðlestrarhra ða og lesskilningi
Hvenær?	Þrisvar sinnum yfir veturinn	Tvisvar sinnum yfir veturinn	Í 4., 7. og 9. bekk	Í byrjun 9. bekkjar.
Hverjir?	2. – 10. bekkur	2. – 10. bekkur	4., 7. og 9. bekkur	9. bekkur.
Eftirfylgni niðurstaðna	Íhlutun útfrá stöðu nemenda, aukin stuðningur í skólanum. Kennsluráðgjafi er kallaður til ef nemandi nær ekki lægri viðmiðum ítrekað og nákvæmari áætlun unnin.	Ef nemandi sýnir frávík er unnið markvisst með þá þætti fram að næstu skimun. Séu framfarir nemenda ekki ásættanlegar er leitað til annarra sérfræðinga	Farið yfir niðurstöður og unnið útfrá þeim	

Viðmið vegna orðafjölda í lestri á lesferilsprófi (orð/mín). Miðað er við árangur að vori.¹

	Þarf að bæta	Góður árangur	Framúrskarandi
1. bekkur	20	55	75
2. bekkur	40	85	100
3. bekkur	55	100	120
4. bekkur	80	120	145
5. bekkur	90	140	160
6. bekkur	105	155	175
7. bekkur	120	165	190
8. bekkur	130	180	210
9. bekkur	140	180	210
10. bekkur	145	180	210

¹ Viðmið Menntamálastofnunar 2018